

Alþingi

Nefndasvið

Reykjavík, 6. október 2025.

**Efni:** Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026-2029.

Mannréttindastofnun Íslands hefur borist framangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Styður stofnunin tillöguna heils hugar og hvetur til samþykkis hennar. Í tillögunni er mælt fyrir um margvíslegar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis og er þeim öllum fagnað.

Mannréttindastofnun Íslands saknar þess þó að ekki sé að finna í tillögunni sértækar aðgerðir vegna ofbeldis gegn fötluðum konum. Í skýrslu Greiningardeildar ríkislögreglustjóra útg. í ágúst 2021 kemur fram að fatlað fólk, einkum konur og stúlkur, eigi frekar á hættu að verða fyrir ofbeldi heldur en aðrir og að sakfelling sé mun ólíklegri í málum ef brotþoli er fatlaður. Í ljósi alvarleika og útbreiðslu ofbeldis gegn fötluðum konum hefði Mannréttindastofnun Íslands því viljað sjá sérstaka aðgerð með áherslu á úrræði til að draga úr ofbeldi gegn þessum hópi.

Hvað varðar aðgerð 27 um innleiðingu verklags í heilbrigðisþjónustu til handa þolendum ofbeldis, þá hvetur Mannréttindastofnun Íslands til þess að áhersla verði lögð á kynjaða og áfallamiðaða nálgun í fíknimeðferð.

Mannréttindastofnun Íslands fagnar sérstaklega tillögu 29 um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum og tillögu 23 um áfallamiðaða nálgun í réttarvörslukerfinu og þarfir kvenna í fangelsum. Stofnunin saknar þess hins vegar að í áætluninni er ekki að finna aðgerðir sem snúa sérstaklega að konum af erlendum uppruna, til dæmis um menningarnám og menningarlæsi, mat og viðurkenningu á menntun og hæfi á íslenskum vinnumarkaði.

Mannréttindastofnun Íslands veltir einnig fyrir sér hvort bæta ætti við aðgerðum sem miði sérstaklega að réttindum kvára. Í framkvæmdaáætlunina mætti bæta við aðgerðum til að auka þekkingu almennings á málefnum transfólks og vinna gegn hatursroðræðu gegn trans konum. Er það ekki síst mikilvægt í ljósi alvarlegrar stöðu transfólks og þess bakslags sem orðið hefur í málefnum þeirra á heimsvísu. Hefur Ísland ekki galdið varhluta af því.

Í ljósi nýgengins dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 26. ágúst sl.<sup>1</sup> veltir Mannréttindastofnun Íslands fyrir sér hvort ekki sé tilefni til sérstakrar aðgerðar sem lúti að meðferð mála í dómkerfinu, til þess að tryggja vandaða meðferð kynferðisbrotamála, heimilisofbeldismála og annarra kynbundinna ofbeldisbrota.

Mannréttindastofnun Íslands minnir á lokaskýrslu Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna eftir níundu fyrirtöku Íslands vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Þar er að finna ýmis tilmæli (recommendations) sem stjórnvöld ættu að huga að.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera opinberum aðilum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda. Er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um þingsályktunartillöguna eða önnur málefni sem varða kynjajafnrétti með einum eða öðrum hætti.

---

<sup>i</sup> [M.A. v. ICELAND](#)